

Föstudagurinn 13. mars

Mættir voru: Guðný Jóhannsdóttir, Helga Berglind, Adda Bára Hreiðarsdóttir, Margrét Aradóttir, Andrea Hlynsdóttir, María Gunnarsdóttir og Hrund Hlökkversdóttir.

1. **Skóladagatal fyrir næsta ár. 2020-2021.** Hrund sýndi okkur skóladagatalið og fór yfir það með okkur. Athuga með fimmtudaga og föstudaga að mjög margir frídagar lenda á þessum dögum. Skoða hvar árshátíðirnar lenda og festa þær inná skóladagatalið og setja það inná heimsíðu skólans.
2. **Hrund sýndi okkur glæsur og viðbragðsáætlun varðandi Covid19. frá Proskahjálpi.** Handþvottur, og skömmtun í mótuneyti. Rætt var um að nemendur skipti um nýtt glas þegar þau fái sér mjólk. Samkomubann tekur gildi mánudaginn 15. mars. Við höldum okkar striki þangað til annað kemur í ljós. Það er ekkert smit komið norður. Mikilvægt að halda ró sinni og gleði og hlífa börnum við öllum þessum fréttum. En við í Hrafnagilsskóla ætlum að vera lausnamiðuð t.d. varðandi árshátíð yngstastigs.
3. **Andrea fræddi okkur um símalausa daga sem nemendaráðið** tók. Fyrir áramót voru mánudagar, miðvikudagar og föstudagar símalausir en núna var ákváðu þau að hafa símalaus svæði í Hyldýpi, íþróttasal og göngunum. En engar símalöggur!! Þetta tekur tíma að venjast. Einnig að hafa símalausa daga og svo símakassa seinna meir inni í stofum. Skólaráði finnst þessi ákvörðun hjá nemendaráði mjög flott og erum stolt af þessari ákvörðun hjá þeim.
4. **Önnur mál:** Hrund sagði okkur nokkrar þælingar varðandi nýbyggingu við Hrafnagilsskóla. Einnig var rætt um frístund.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:30